

## **Fundargerð 238. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, fimmtudaginn 18.8.2022 kl.15:00 -16:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Boðaði forföll: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 203 - 237.  
Allar fundargerðir samþykktar með rafrænni undirritun.
2. Ráðstöfun ráðherra af fjárveitingu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2022.  
Þann 18. mars síðastliðinn barst Ferðamálastofu bréf frá Menningar- og viðskiptaráðherra þar sem ákveðið hafði verið að úthluta 19 m.kr. af ráðstöfunarfé sjóðsins árið 2022 til Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði. (sjá meðfylgjandi skjal). Þetta gerðist á milli funda en var tilkynnt stjórnarmönnum með símtali.
3. Fyrirspurn fjárlaganefndar vegna Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.  
Þann 10. júní barst Ferðamálastofu erindi frá Fjárlaganefnd fyrirspurn er varðar Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Formaður stjórnar var upplýstur um erindið þann 15. ágúst og stjórn upplýst á þessum fundi. Erindinu verður svarað.
4. Farið yfir eyðublöð fyrir næsta umsóknarferli – umsóknareyðublað og gæðamatsblað. Gerðar voru lítilsháttar breytingar og vægi viðmiða stigagjafar jafnað.
5. Auglýsingin fyrir næsta umsóknarferli tilbúin og fer í birtingu næstu helgi. Opnað verður fyrir umsóknir 24. ágúst og stendur til kl. 13 5. Október.
6. Fundartímar í vetur.
7. Ferð stjórnar. Starfsmenn Ferðamálastofu koma með tillögu að ferð á næsta fundi.

Næsti fundur:

1. september

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og  
viðskiptaráðuneytið

mvf@mvf.is  
545 9700

Skúlagötu 4,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða  
Geirsgötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík 18. mars 2022  
Tilv.: MVF22030155/03.02

Efni: Ráðstöfun ráðherra af fjárveitingu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2022

Menningar- og viðskiptaráðherra hefur ákveðið að úthluta 19 m.kr. af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða árið 2022 til Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði.

Tækniminjasafnið missti mestan hluta húsnæðis síns í aurskriðunni sem féll á Seyðisfjörð í desember 2020 og hefur nú einungis yfir einu húsi að ráða, Vjelsmiðju Jóhanns Hanssonar sem byggð var árið 1906. Húsið er friðað og flokkast sem menningarminjar. Það getur ekki nýst fyrir safnastarfsemi. Því þarf að útvega safninu húsnæði og aðstöðu. Með sérstakri úthlutun ráðherra á grunni fordæmalausrar eyðileggingar í aurskriðunni verður hægt að ráðast í hönnun nýs húss fyrir starfsemi safnsins. Ráðstöfunin styður jafnframt við samþættingu menningar og ferðaþjónustu í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar.

Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er beðin að hafa ofangreinda ráðstöfun til hliðsjónar við vinnu sína að tillögum um úthlutun úr sjóðnum 2022.

f.h. menningar- og viðskiptaráðherra

  
Sigrún Brynja Elmarsdóttir

  
Ásta Sigrún Magnúsdóttir